

Fundur 20.3.2023 Morris Farsueth. Franskur kafari.

Komið þið allir sælir.

*Já blessaður og velkominn.*

Líður mér dásamlega í nýjum heimkynnum og finnst mér ég ætíð stefna upp á við, í hverju því sem ég tek mér fyrir hendur.

Og tala ég hér úr stjörnusambandsstöð og finn ég þjóðirnar samstillast og eru það svo margir hnettir með mismunandi lífi og svo margir mismunandi hnettir sem mín fjölmenna þjóð hefur farið á, í aldanna rás og veit ég að líf mitt á þessum framlífshnetti mínum er ekki dæmigert miðað við fyrsta framlíf sem menn fá að njóta og hefur það verið þrískipt og á fyrsta skeiði mínu hér á þessum hnetti var undrun mín mikil og lifði ég þá á landi og naut samvista við marga þá sem á undan mér voru farinir.

Og lærði ég grundvallar atriði þessa nýja hnattar og var það mér mikið undrunarefni að ég skyldi koma fram á hnetti en ekki andasviði eins og við var að búast samkvæmt hugmyndum minnar þjóðar og trúar kristninni.

Og var það mér einnig undrunarefni að þau útbreiddu trúarbrögð sem ég hafði aðhyllst og aðrir sem ég þekkti, kristnin er aðeins hér á þessum hnetti lítill og fámennur söfnuður víða um lönd og fjölskrúðugri trúarbrögð iðkuð sem líkjast meira fornum átrúnaði minnar þjóðar langt aftur í grárri forneskju.

Og bíður það meiri möguleika á orkuaðstreymi frá öðrum hnöttum og mannkynjum og líkar mér það vel.

Var mér ætlað að koma hér með óvenjulegar lýsingar á framlífi þar sem áhugasvið mitt á jörðinni ykkar og minni gömlu hneigðist mjög í átt að líffræði, sjávarlíffræði og naut ég þess mjög að synda í sjónum og kafa síðar meir.

Og hafði það mjög áhrif á þann hnött sem ég er nú á og á hvern hnött ég fór á og er hér fram kominn.

Ég fór ekki að njóta mín til fulls fyrr en ég hafði verið hér á þessum framlífshnetti í um það bil 16 ár og fór ég þá að kynnast öðrum samfélögum og þjóðum á þessum hnetti sem lifa enn frábrugðnu lífi miðað við það sem ég átti að venjast á jörðinni gömlu, en átti vel við áhugamál mín og atvinnu á gömlu jörðinni og vil ég gjarnan segja frá því hvað það hefur veitt mér mikla hamingju og lífsgleði að komast að því að möguleikar lífsins eru ekki allir bundnir við þá möguleika sem jarðlífið gamla sagði til um og ætla ég að reyna að lýsa því í kvöld.

Ég varð þess áskynja þegar ég kom á þennan hnött fyrst að hér eru ólík samfélög og tala þó flestir mitt tungumál frá mínum heimahnetti og talaði ég við foreldra mína og aðra flesta í gegnum fjarbúnað en voru þó nokkrir fjarskyldir ættingjar hér staddir.

Og tók það mig nokkur ár að átta mig á aðstæðum og var það mér mikið fagnaðarefni að hér skyldi vera jarðneskt líf og spurðist ég mikið fyrir um það hvernig á því stæði, að engar útskýrningar um þetta skildu vera í neinum fræðibókum sem ég komst í á æskudögum mínum á jörðinni og var mér þá sagt að þessi fræði væru úppgötvuð á jörðinni fyrir utan nokkra menn sem höfðu uppgötvað þetta á ýmsum tímaskeiðum jarðarinnar og væru þeir allir dánir og hvergi væri lifandi félagsskapur þar sem þessar hugmyndir væru grundvöllurinn nema á litla Íslandi í norðinu sem ég hafði aldeil heimsótt.

Og já það hefur verið mér sönn ánægja að tala við ykkur og langaði mig til þess að segja mína sögu, ég fórst við köfun, þegar ég var að prófa búnað.

Nafn mitt er Morris Farsueith. Franskur maður. Lifði ég á tuttugustu öldinni og starfaði sem kafari og undi mér í fegurð undirdjúpanna rannsakaði sjávarlífið og vorum við að sinna þeim störum þegar slys átti sér stað og ég varð að kveðja þetta jarðlíf og kom fram á nýrri jörð, framlífsjörð.

En saga mín hér í kvöld endar á þá leið að áhugamáli mínu og atvinnu fékk ég að sinna mun betur í þessu framlífi og seinni hluta æfinnar á þessum hnetti hef ég eytt í að æfa mig og þjálfra sem kafari og njóta möguleika þessarar jarðar neðan sjávar sem ofan sjávar og núna síðast liðin tuttugu ár hef ég kannað undirdjúpin og fengið að kynnast þeirri hlið hnattarins þar sem sjávarlíf er miklu fjölskrúðugra en á gömlu jörðinni og hefur þar lífið þróast með allt öðrum hætti en á jörðinni og eru þar stórar og margbreytilegar sjávarlífverur og það sem ég vil kalla sjávarlífveramenningu sem er mjög fráfrugðin því sem tíðkast á jörðinni.

Og var það mér fyrsta undrunarefnið fyrir um það bil átján árum að eftir að hafa kafað hér í mörg ár komst ég að því að við mennirnir getum átt í nokkurs konar vitunarsambandi við sumar þær sjávarlífverur sem þroskaðastar eru og göfugastar og var það mér mikið undrunarefni og ánægjuefni.

Og það sem ég hef nú sinnt allra síðustu árin og hefur vakið mér mesta ánægju er að hér er framkomin manntegund sem lengur getur kafað en við mennirnir á jörðunni og er þar vísir að þróun sem þeir segja að hafi gengið enn þá lengra á öðrum framlífsjörðum og þykir mér það ævinlega spennandi að fræðast meira um þetta efni.

Hef ég einnig fengið enn, æ meiri áhuga á því að viðhalda vistkerfum hafanna sem hreinustum og hef ég reglulega fylgst með jörðinni og reynt að senda þeim líforku og hugskeyti ef mér hefur verið það unnt til að forða frá mengunarslysum og slíku.

Vil ég nú ekki trufla meira að sinni en vil ég minna á það að djúp eru tengslin á milli þjóðanna og nýlendur afkomenda norrænna manna og frakka eins og í Normandý eru hér á öðrum hnöttum, þótt þær séu ekki á mínum hnetti og hef ég talað í stjörnusambandsstöðum.

Verð ég nú að kveðja, þakka ég fyrir og verið þið sælir, vonandi að ég geti komið síðar verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu sæll.*